

T I L L A G A

til þingsályktunar um siðbót er varðar vinnuumhverfi kvenna í kirkjunni.
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018).

Flutt af: Bryndísi Möllu Elíadóttur, Elínborgu Gísladóttur, Guðbjörgu Arnardóttur, Guðmundi Þór Guðmundssyni, Guðrúnu Karls Helgadóttur, Hreini S. Hákonarsyni, Jónínu Ólafsdóttur, Ólöfu Margréti Snorradóttur, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur og Örnunni Grétarsdóttur.
Frsm. Guðrún Karls Helgadóttir.

Kirkjuþing ályktar að #metoo áskorun prestsvígðra kvenna frá 16. janúar 2018 verði tekin alvarlega og mun beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestsvígðra og annarra, í kirkjunni.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Eins og fram kemur í áskorun og sögum prestsvígðra kvenna undir #metoo frá 16. janúar 2018 þá búa konur í prestastétt, líkt og aðrar konur, við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun á vinnustöðum sínum. Gerendur eru yfirmenn, samstarfsfólk, sjálfboðaliðar og þau sem nýta sér þjónustu kirkjunnar.

Þar segir einnig að allar konur eigi rétt á að starfa í öruggu umhverfi, vera lausar við kynbundið ofbeldi, áreitni og mismunun af öllu tagi í sínum störfum. Frásagnir prestsvígðra kvenna sem starfa í þjóðkirkjunni sýna svart á hvítu að breytinga er þörf.

Fyrsta stóra skrefið í þá átt tók kirkjuþing þegar samþykkt var á 56. kirkjuþingi 2017 að ráðinn yrði jafnréttisfulltrúi kirkjunnar til fimm ára. Með þessu hefur þjóðkirkjan markað stefnu og búið til úrræði í þessum málum og hluti af því er samþykkt kirkjuþings 2017 um að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa til fimm ára og hlýtur kirkjuráð að auglýsa þá stöðu hið allra fyrsta. Mikið verk er enn óunnið eins og sögur kvenna í kirkjunni og annars staðar í samfélaginu sýna en kirkjuþing mun leggja sitt af mörkum til þess að siðbót verði í þessum málum og axla þá ábyrgð sem kirkjuþingi ber.